



FUNDARGERÐ

Þriðjudaginn 27. mars 2012, kl 17.00 var fundur haldinn í tómskúli- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Jón Ólafur Sigurjónsson, Elva Dröfn Árnadóttir, Valdimar J. Björnsson, Sigríður Björk Sveinsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Jón Ólafur Sigurjónsson formaður setti fundinn.

1. Kántrýðagar 2012.

a. Hvort og hvenær

Til umræðu varð hvort og hvenær yrðu haldnir Kántrýðagar. Eftir nokkra umræðu um hvernig hátíðin hafi gengið á liðnum sumrum var ákveðið að stefna að Kántrýðögum 17.-19. ágúst.

b. Næstu skref

Ákveðið var að undirbúa hátíðina með því m.a. að boða hagsmunaaðila til fundar þar sem farið verði yfir dagskrá og viðburði og leitað eftir hvaða innlegg verði í dagskrána. Samþykkt að boða til þess fundar miðvikudaginn 2. maí n.k.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.15

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Elva Dröfn Árnadóttir,

Valdimar J. Björnsson,

Sigríður Björk Sveinsdóttir

Magnús B. Jónsson